

leysi sínu, verður að telja, að gagnstefnandi hafi firrt sig rétti til að krefjast bekkjarins eða andvirðis hans. Ber því að sýkna gagnstefnda af kröfu gagnstefnanda samkvæmt þessum lið.

Úrslit gagnsakar verða þá þau, að gagnstefnda ber að greiða gagnstefnanda kr. 2885.00 með 6% árvöxtum frá þeim tíma, sem krafizt hefur verið, og málskostnað, er ákveðst kr. 750.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Gunnari Björnssyni verkstjóra.

#### Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Egill Árnason, aðalstefnanda, Sveini Egilssyni h/f, kr. 4015.56 ásamt 6% árvöxtum frá 9. nóvember 1956 til greiðsludags og kr. 900.00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði gagnstefndi, Sveinn Egilsson h/f, gagnstefnanda, Agli Árnasyni, kr. 2885.00 með 6% árvöxtum frá 5. desember 1956 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. marz 1960.

Nr. 123/1959. **Garðar Jónsson** (Hörður Ólafsson hdl.)

gegn

**Böðvari Bjarnasyni**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Línðal prófessor.**

Skuldamál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því leyti sem það varðar hann, með stefnu 16. júlí 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi skýrir svo frá málavöxtum, að árið 1955 hafi hann búið í húsinu nr. 48 við Hjallaveg, hér í bænum, og verið eigandi að því og bílskúr á lóð hússins, sem tekinn hafði verið til íbúðar. Fyrri hluta nefnds árs hafi orðið að samningum með honum og Benny Hansen, sem í málinu greinir, að Benny tæki að sér að gera við skúrinn á sinn kostnað og fengi hann síðan til íbúðar. Skyldi húsaleiga í 1½ ár koma til jafnaðar við viðgerðarkostnaðinn. Sumarið 1955 hafi Benny látið fara fram viðgerð á skúrnum og flutzt í hann að viðgerð lokinni. Eftir 8—10 mánuði hafi Benny farið úr skúrnum, og ekki hafi hann greitt aðra leigu fyrir dvöl sína þar en viðgerð þá, sem áður er getið.

Stefndi hefur í engu hnekkkt framangreindri skýrslu áfrýjanda. Kveðst stefndi hafa framkvæmt viðgerðina á skúrnum samkvæmt beiðni Benny Hansen, og hefur hann ekki gegn mótmælum áfrýjanda fært sönnur að því, að áfrýjandi hafi lofað að greiða viðgerðarkostnaðinn að nokkru leyti. Ekki er heldur leitt í ljós í málinu, að atvik liggja svo til, að áfrýjandi hafi orðið ábyrgur fyrir greiðslu kostnaðar þessa eftir öðrum réttarreglum. Ber því að taka sýknukröfu hans til greina.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 4000.00.

#### Dómsorð:

Áfrýjandi, Garðar Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Böðvars Bjarnasonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. október 1958.**

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Böðvar Bjarna-

son húsasmíðameistari, Grjótagötu 9, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að undangenginni árangurslausri sáttumleitan, gegn þeim Benny Hansen og Garðari Jónssyni, báðum til heimilis að Hjallavegi 48, hér í bænum, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 5296.06 með 6% ársvöxtum frá 11. apríl 1956 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi Benny hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framkomnum gögnum, að því er hann varðar.

Stefndi Garðar hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómars.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi tekið að sér, að beiðni stefnda Benny, að setja þak á skúrbyggingu við húsið nr. 48 við Hjallaveg, eign stefnda Garðars, og lagfæra skúrinn að öðru leyti, m. a. setja á hann nýjar hurðir. Kveður stefnandi viðgerð þessa, vinnulaun og andvirði efnis, hafa kostað kr. 19.543.19. Stefnandi kveðst hafa tekið við efni, sem af hafi gengið, fyrir kr. 1247.13, og hafi því heildarkostnaður við verkið numið kr. 18.296.06. Af þeirri fjárhæð hafi stefndi Benny greitt kr. 13.000.00, en eftirstöðvarnar, kr. 5296.06, hafi bæði hann og stefndi Garðar reynzt ófánlegir til að greiða.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefndi Benny hafi tjáð sér, að hann mundi greiða fyrir verkið að mestu, en stefndi Garðar að nokkru. Áður en verkið var hafið, kveðst stefnandi hafa talað við stefnda Garðar, og hafi hann þá tjáð sér, að stefndi Benny mundi greiða fyrir verkið, en ef stefndi Benny krefðist þess, þá mundi koma að honum, þ. e. stefnda Garðari. Áður en verkinu lauk, kveðst stefnandi hafa vitað, að andvirði verksins hafi átt að vera greiðsla upp í húsaleigu frá stefnda Benny til stefnda Garðars.

Stefndi Garðar hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að svo hafi verið um samið milli sín og stefnda Benny, að stefndi Benny annaðist breytingar og lagfæringar á skúrnum, svo að hann yrði hæfari til íbúðar, og greiddi einn þann kostnað, en hann skyldi síðan hafa skúrinn til afnota í 1½ ár, þannig að viðgerðarkostnaðurinn kæmi fyrir leigu. Hann kveður skúrinn áður hafa verið innréttaðan sem íbúð, en þakið ekki verið fullkomlega vatnspétt, og hafi umrædd lagfæring verið fólgin í því að ganga tryggilega frá þakinu. Kveður stefndi Garðar stefnanda hafa beðið sig um að sækja um leyfi til byggingaryfirvalda til

að hækka þakbrún skúrsins öðru megin, til þess að fá þannig meiri halla á þakið. Kveðst stefndi Garðar ekki hafa haft nein afskipti af því, hvernig lagfæringin var framkvæmd eða hversu mikið fé var í hana lagt. Það hafi verið á valdi stefnda Benny. Kveður hann stefnda Benny hafa verið í húsnæðinu 8—10 mánuði, og kveðst hann ekki hafa fengið neina leigu greidda fyrir þann tíma. Stefndi Garðar kveður stefnda Benny þá hafa verið búinn að biðja sig um að leysa hann frá leigunni og jafnframt að reyna að leigja skúrinn fyrir hann. Stefndi Garðar kveðst hafa búið að Hjallavegi 48, á meðan á umræddum framkvæmdum stóð, en hann kveðst vera búinn að selja fasteignina nú og kveðst ekki hafa numið á brott það, sem skúrnum var gert til góða með framkvæmdum þessum. Fyrir dómi hefur stefndi Garðar neitað því að hafa á nokkurn hátt gefið stefnanda það í skyn, að hann mundi greiða skuldir stefnda Benny við stefnanda.

Af skjölum málsins verður að telja nægilega fram komið, að stefndi Benny hafi tekið að sér, bæði gagnvart stefnanda og stefnda Garðari, að greiða kostnað þann, sem af umræddum framkvæmdum leiddi, enda hefur hann þegar greitt verulegan hluta hans. Verða kröfur stefnanda teknar til greina gagnvart stefnda Benny.

Það verður að vísu að telja ósannað, að stefndi Garðar hafi gagnvart stefnanda lofað greiðslu á umræddum viðgerðarkostnaði eða eftirstöðvum hans. Á hinn bóginn verður að telja í ljós leitt, af því sem að framan er rakið, að umræddar lagfæringar og breytingar hafi verið framkvæmdar með vitund og samþykki stefnda Garðars og að hann hafi orðið eigandi þeirra og síðar haft hag af þeim. Þykir því verða að telja, að stefndi Garðar beri óskipta ábyrgð ásamt stefnda Benny á greiðslu kostnaðar þess, sem af framkvæmdinni leiddi, enda hefur því eigi verið haldið fram af hálfu stefnda Garðars, að hann hafi gagnvart stefnanda undanþegið sig slíkri ábyrgð.

Samkvæmt þessu verða stefndu dæmdir in solidum til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð, sem ekki hefur sætt tölulegum andmælum, ásamt vöxtum eins og krafizt er svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en sökum anna hefur nokkur dráttur orðið á uppsögu hans.

#### Dómsorð:

Stefndu, Benny Hansen og Garðar Jónsson, greiði in solid-

um stefnanda, Böðvari Bjarnasyni, kr. 5296.06 með 6% árs-  
vöxtum frá 11. apríl 1956 til greiðsludags og kr. 1000.00 í  
málkostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að  
viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1960.

Nr. 125/1959. **Ólfustöðin h/f** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)  
gegn  
**bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs**  
(Kjartan Ragnars hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með  
stefnu 21. júlí 1959 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurð-  
ur verði úr gildi felldur, að synjað verði lögtaks og að stefnda  
verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir  
Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að  
áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir  
Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 3. tölulið 4. gr. laga um útsvör nr. 66/1945  
er niðurjöfnunarnefnd rétt við álagningu útsvars að taka til  
greina sérhvað það, er telja má máli skipta um gjaldþol út-  
svarsgreiðanda, og eftir 24. gr. sömu laga er úrskurður ríkis-  
skattanefndar fullnaðarúrskurður um fjárhæð útsvars.

Við álagningu útsvars þess, sem hér er deilt um, voru  
nefnd skattayfirvöld því eigi bundin við sömu fyrningu eigna,  
sem lögð var til grundvallar við ákvörðun tekjuskatts, og  
þar sem skattayfirvöldin hafa haldið sér innan valdmarka  
sinna, eru eigi slíkir annmarkar á ákvörðun útsvarsins, að  
dómstólar fái hnekkt gerðum þeirra. Með þessum athuga-  
sendum ber að staðfesta úrskurð fógeta.